

Föstudaginn 10. júní 1977.

Nr. 89/1977. **Ákærvaldið**

gegn

Jóhanni Arnljóti Víglundssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson og Logi Einarsson.

Hinn kærða úrskurð hefur kveðið upp Ingibjörg Benediktsdóttir, fulltrúi yfirsakadómarans í Reykjavík.

Með kæru 7. júní 1977, sem barst Hæstarétti ásamt gögnunum máls 10. s. m., hefur varnaraðili samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar í því skyni, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur.

Ríkissaksóknari og skipaður verjandi varnaraðilja, Örn Clausen hæstaréttarlögmaður, hafa báðir lýst því yfir, að þeir muni ekki leggja fram greinargerðir í máli þessu.

Varnaraðili neitar sakargiftum.

Með hliðsjón af brotaferli varnaraðilja, sem sætt hefur 12 refsíðómum síðan 1957 fyrir ýmis brot á hegningarlögum, og framburði félaga hans, Valtýs Ómars Guðjónssonar, ber að staðfesta hinn kærða úrskurð.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 7. júní 1977.

Ár 1977, þriðjudaginn 7. júní, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er að Borgartúni 7 af Ingibjörgu Benediktsdóttur fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Málsatvik eru þau, að rannsóknarlögreglunni í Reykjavík hefur borist kæra varðandi falsaða tékka á hlaupareikning nr. 313 á Sparisjóð Þórshafnar og nágrennis. Rannsóknarlögreglunni hafa þegar borist ljósrit af 6 fölsuðum tékkum að upphæð samtals rúmlega 100 þúsund krónur. Grunur leikur á, að kærði hafi verið

hér að verki ásamt Valtý Ómari Guðjónssyni, en sá síðarnefndi hefur þegar játað að hafa falsað nokkrar ávísanir á ofangreint ávísanahefti og hafi kærða verið fullkunnugt um það, enda hafi hann notið ávinnings af andvirði tékkanna. Enn fremur heldur Valtýr Ómar því fram, að kærði hafi tekið tékkheftið, þegar nokkur blöð voru eftir í því, og þar sem hann (Valtýr Ómar) hafi ekki falsað alla þá tékka, sem þegar eru fram komnir, hljóti kærði, Jóhann Víglundsson, að hafa gert það.

Með hliðsjón af framansögðu og vísan til 1. tl. 67. gr. laga nr. 74/1974 þykir rétt að úrskurða kærða í gæsluvarðhald, enda eru ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar gæsluvarðhaldinu ekki til fyrirstöðu, þar sem brot þau, er kærði er sakaður um, geta varðað hann fangelsisrefsingu.

Ákveðst gæsluvarðhaldstíminn allt að 15 dögum.

Úrskurðarorð:

Kærði, Jóhann A. Víglundsson, sæti gæsluvarðhaldi í allt að 15 dögum.

Þriðjudaginn 14. júní 1977.

Nr. 152/1975. **G. Þorsteinsson & Johnson h/f**

(Jón E. Ragnarsson hrl.)

gegn

Álafossi h/f

(Hákon Árnason hrl.).

Umsýsluviðskipti. Lausafjárkaup. Sératkvæði í héraði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 28. október 1975, að fengnu áfrýjunarleyfi 13. s. m. Dómkröfur hans eru þær, að stefndi, Álafoss h/f, verði dæmdur til